

María Gísladóttir
Anna Lís Guðmundsdóttir

Borgartún 34-36

Fornleifaskrá og húsakönnun



Reykjavík 2017

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 181

Borgartún 34-36

Fornleifaskrá og húsakönnun

María Gísladóttir

Anna Lía Guðmundsdóttir



Reykjavík 2017

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 181

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

María Gísladóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir

Mynd á forsiðu:

María Gísladóttir, Borgarsögusafni Reykjavíkur. 2017

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 181

Reykjavík 2017

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Formáli	3
1. Byggða- og byggingarsaga.....	5
1.1 Húsagerð og aldur	5
1.2 Breytingar.....	5
1.3 Höfundar	6
1.4 Saga svæðisins	6
1.5 Nafngiftir gatnanna	10
2. Skráning menningarminja – Fornleifaskrá og húsakönnun.....	10
2.1 Almenn um verndun menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja.....	10
2.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja.....	13
2.3 Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar.....	15
2.4 Húsakönnun	21
2.4.1 Húsaskrá Reykjavíkur: Borgartún 34 - 36	23
2.4.2. Varðveislumat fyrir hús og mannvirki	28
Heimildaskrá	33

Formáli

Hér fer á eftir könnun byggðar, fornleifaskrá og húsakönnun fyrir deiliskipulagssvæðið **Borgartún 34-36** sem er innan staðgreinireits 1.232 í Reykjavík (sjá afmörkun svæðisins á mynd 1). Könnunin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur vegna vinnu við gerð deiliskipulags á svæðinu. Ákvæði um húsakannanir er að finna í 37. grein **skipulagslaga nr. 123/2010**, þar sem segir:¹

*Þegar unnið er **deiliskipulag í þegar byggðu hverfi** skal lagt mat á varðveislugildi svípmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð **húsakönnunar**.*

Ákvæði um skráningu menningarminja er að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætið fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt.²

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn) hefur um árábil gert húsakannanir í samræmi við ofangreint ákvæði skipulagslaga og eru þær hluti af gögnum vegna gerðar deiliskipulags.³

Byggða- og húsakönnun er „byggingarlistarleg og menningarsöguleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa, studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda“. Fyrsti áfangi og undanfari húsakönnunar sem unnin er fyrir hefðbundið deiliskipulag er **byggðakönnun** með sögulegu yfirliti um þróun byggðar og byggingarsögu svæðisins. Seinni áfangi byggða- og húsakönnunar er **húsakönnun** með húsaskrá og mati á varðveislugildi einstakra húsa. Í húsakönnun tekur varðveislumat til eftirtalinna þátta: byggingarlistar, menningarsögulegs gildis, umhverfisgildis og upprunalegrar gerðar húss. Út frá mati á þessum þáttum skulu færð rök fyrir varðveislugildi.⁴

Júlí 2017,

María Karen Sigurðardóttir,
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur

¹ Skipulagslög – nr. 123 – 22. september 2010. Tóku gildi 1. janúar 2011.

² Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

³ Sjá vef Borgarsögusafns Reykjavíkur: www.borgarsogusafn.is → Útgáfa → Skýrslur.

⁴ Minjastofnun Íslands: „Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana“.

1. Byggða- og byggingarsaga

Hér fer á eftir umfjöllun um deiliskipulagssvæðið Borgartún 34-36. Svæðið afmarkast af mörkum sameinaðrar lóðar Borgartúns 34 og 36 sem er innan staðgreinireits 1.232 í Reykjavík (sjá mynd 1).



Mynd 1 Afmörkun deiliskipulagssvæðisins.⁵

1.1 Húsagerð og aldur

Til umfjöllunar eru húsin á lóð Borgartúns 34-36 sem reist voru á árunum 1958-1978. Húsin voru byggð til að hýsa atvinnustarfsemi sem tengdist vélum og bifreiðum og eru öll steinsteypt. Undir Borgartún 34 falla þrjú mannvirki; einlyft verkstæðisbygging með skáburstaðaki sem reist var 1958 og fjögurra hæða bygging sem reist var árið 1978 og hýsir verkstæði, skrifstofur og gistiheimili, ásamt bílskýli í norðvesturhorni lóðarinnar sem reist var um sama leyti. Borgartún 36 var reist árið 1964 og hýsti upphaflega Vélsmiðju Ögmundar Jónassonar.

1.2 Breytingar

Húsin hafa lítið breyst í gegnum tíðina og eru mjög upprunaleg að gerð.

⁵ Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> Sótt 31.03.2016.

1.3 Höfundar

Húsið Borgartún 34, sem stendur á miðri lóðinni, var teiknað sem vélsmiðjuhús af Aðalsteini Richter arkitekt. Hærri byggingin austan við verkstæðið við Borgartún 34, ásamt bílskýli í norðvesturhorni lóðarinnar var reist árið 1978 eftir teikningum Kristins Sveinbjörnssonar byggingafræðings. Borgartún 36 var byggt sem vélsmiðjuhús eftir teikningu Þorleifs Eyjólfssonar arkitekts árið 1964.

1.4 Saga svæðisins

1.4.1 Upphaf byggðar á svæðinu – Fúlatjörn/Lækjarbakki

Þar sem í dag eru lóðirnar Borgartún 29-36 var áður tún hjáleigunnar Fúlutjarnar eða Lækjarbakka (sjá mynd 2). Þessi jarðarskiki var byggður úr jörðinni Rauðará en landamerki á milli Laugarness og Rauðará lágu um Fúlatjarnarlæk, sem rann að mestu vestan við núverandi Kringlumýrabraut. Lækurinn var afrennsli frá Kirkjumýri og Kringlumýri og dró nafn sitt af Fúlatjörn, sem var hálfgerð sjávarlón sunnan við Kirkjusand og lyktaði af rotnandi gróðri. Fúlutjarnarlækur var settur í stokk árið 1957 og um 1960 hafði verið fyllt upp í Fúlutjörn og hvorugt er því sýnilegt lengur.⁶



Mynd 2 Hér er kotið Fúlatjörn eða Lækjarbakki merkt með rauðu á loftmynd frá 1954. Hvítar punktalínur sýna hvar húsin Borgartún 32-36 standa nú.⁷

⁶ Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðará“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífs*, bls. 295-303 – Vefur Guðjóns Friðrikssonar: Alfræði Reykjavíkur. Vefslóð: <http://gudjonfr.is/alfraedireykjavikur/> → Fúlutjarnarlækur, Fúlatjörn. Sótt 11.3.2016


⁷ Loftmynd af Reykjavík 1954 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/> → Opna valglugga → Saga og þróun → Reykjavík árið 1954. Heimildir um Fúlatjörn/Lækjarbakka: Þorgrímur Gestsson: „Laugarneshverfi verður til - Rýnt í gamlar ljósmyndir“. *Ný saga*, 9. árg. 1997, bls. 16-17 – Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Reykjavík og Seltjarnarnesi 1947 (hluti), teiknað af Ágústi Böðvarssyni. Prentað eintak. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Söfn: Minjasafn Reykjavíkur → Leitarorð: „1947“. Sótt 10.6.2017.

Íbúðarhúsið á Fúlutjörn stóð þar sem í dag er Borgartún 32. Austurendi hússins var reistur árið 1900 og hýsti hesthús og hlöðu en vestari endinn var íbúðarhús byggt 1906. Seinna var byggð viðbygging norðan við húsið. Húsið Fúlutjörn/Lækjarbakki var rífið um 1970.

1.4.3 Skipulag byggðar á svæðinu

Fyrsti skipulagsuppdrátturinn fyrir Reykjavík var samþykktur árið 1927. Þá var gert ráð fyrir að byggðin myndi áfram rúmast innan Hringbrautar en fljótlega kom í ljós að taka þyrfti stærra svæði undir þróun borgarinnar og þegar á fjórða áratugnum tók byggðin að teygja sig austur fyrir Snorrabraut. Í kringum miðja 20. öld var íbúðarbyggðin í Hlíðum og Rauðarárholti risin og í kjölfar seinni heimsstyrjaldar var hafist handa við byggingu íbúðahverfa fjær meginbyggðinni, í Laugarnesi og við Sundin. Um leið fíkraði ýmis atvinnu- og iðnaðarstarfsemi sig austar í bæjarlandinu.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1962-1983 var svæðið vestan við gatnamót Kringlumýrararbrautar og Borgartúns skilgreint sem blandað iðnaðar- og vörugæmslusvæði, líkt og meirihluti strandlengjunnar til norðurs.⁸ Þá höfðu nokkur fyrirtæki þegar komið sér fyrir á svæðinu og hafði þar starfsemi á þessum sviðum.



Mynd 3 Eimskipafélag Íslands átti stóra lóð á svæðinu sem hér sést á uppdrætti frá 1976.⁹

Árið 1952 hafði Vélsmiðjan Hamar hf. fengið úthlutað lóð þar sem nú er Borgartún 26-28 og flutt starfsemi sína þangað.¹⁰ Síðar var bílavarahlutaverslunin Bílanaust til húsa á

⁸ Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83.

⁹ Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdráttir: Borgartún, lóð Eimskips, sp. 02.03.1976. Sjá teikningavef Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Söfn: Skipulagsuppdráttir → Leitarorð: Eimskip. Sótt 22.06.2017.

¹⁰ „Framtíðarstarfsemi Hamars h.f. ætlaður staður á nýrri lóð við Borgartún“. *Vísir*, 16. ágúst 1952, bls. 1 og 7.

sama stað. Eimskip byggði fjórar stórar vöruskemmur á lóð sinni á þessu svæði á árunum 1959-1960 (sjá mynd 3), sem kallaðar voru *Borgarskálar*. Þeir stóðu þar sem nú er Mánatún 4-6 og 7-9.¹¹

Árið 1960 flutti Breiðfjörðsblikksmiðja starfsemi sína að Sigtúni 7 (nú Sóltún 24), suðaustan við lóð Eimskipafélagsins. Kotið Fúlatjörn var enn á sínum stað á þessum tíma en að því þrengdist óðum þegar Vélsmiðjan Afl var reist við Lækjarteig 4 (nú Borgartún 34) árið 1958¹² og Vélsmiðja Björgvins Frederiksen við Lækjarteig 2 (nú Borgartún 32) um sama leyti (sjá mynd 4).¹³ Árið 1960 var veitingastaðurinn Klúbburinn opnaður í því sama húsi og þótti sérlega glæsilegur. Ári síðar fjárfesti Guðmundur Jónasson, sem var frumkvöðull í hálendisferðum, í húsinu við Borgartún 34 og kom þar fyrir höfuðstöðvum ferðaskrifstofu sinnar, Guðmundar Jónassonar hf. sem enn er starfrækt í dag.



Mynd 4 Myndin er tekin einhvern tímann á tímabilinu 1963-1970 af geymslulóð Eimskips þar sem fjöldi flutningabíla stendur í forgrunni en fyrir miðri mynd sést Klúbburinn, Lækjarteigur 2 (Borgartún 32) og hægra megin við hann vélsmiðjuhúsið við Borgartún 34.¹⁴

¹¹ *Tolltíðindi*, 1. tbl. 2015, bls. 12. Sjá vef Tollvarðafélags Íslands: <http://www.tollverdir.is> → Aðalsíða → skrolla niður og smella á „Older posts“ → Sjá innslagið „Tolltíðindi“, dags. 1. janúar 2016 og smella á hlekk í innslaginu.


¹² Teikningar af Borgartúni 34. Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Sjá Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> → Velja „Teikningar“ → Smella á Borgartún 34 → Velja Aðaluppdrættir / 102918 - Teikningar → Sjá teikningar dagsettar 1955 eftir Aðalstein Richter arkitekt.

¹³ Teikningar af Borgartúni 32. Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Sjá Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> → Velja „Teikningar“ → Smella á Borgartún 32 → Velja Aðaluppdrættir / 102917 - Teikningar → Sjá teikningar dagsettar 1955-1957 eftir Ágúst Steingrímsson byggingafræðing.

¹⁴ Ljósmyndari Pétur Thomsen. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: PTH 030 067 1-2.

Sú lóð sem hér er til umfjöllunar, Borgartún 34-36, fellur undir svæði það sem nú er skilgreint sem staðgreinireitur 1.232. Ekki hefur verið unnið heildarskipulag fyrir reitinn en hluti hans tilheyrði áður lóð Eimskipafélagsins og féll því undir deiliskipulag þeirrar lóðar sem nú er kennd við Máratún og Sóltún.¹⁵ Lóðirnar norðan og sunnan við þennan austuranga Eimskipalóðarinnar (sjá mynd 4) hafa verið deiliskipulagðar hver fyrir sig. Syðst er Sóltún 20, 24 og 26 og nyrst er Borgartún 32 þar sem Klúbburinn stóð en hann brann snemma árs 1992 og var húsið rífið í kjölfarið og nýtt verslunar- og skrifstofuhús reist á lóðinni sama ár.¹⁶

Árið 2003 var samþykkt deiliskipulag fyrir Borgartún 34-36 (sjá mynd 5) og breytingar á því voru samþykktar ári síðar.¹⁷



Mynd 5 Deiliskipulagsuppráttur fyrir lóðirnar Borgartún 34 og 36, samþykktur árið 2003. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að vélsmiðjuhúsið og bílskýlið við Borgartún 34 og núverandi bygging við Borgartún 36 hverfis.¹⁸

¹⁵ Skipulagssjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/> → Smella á svæðið milli Máratúns og Sóltúns → Kirkjutúnsreitir, sp. 11.01.2000. Sótt 22.06.2017.

¹⁶ Teikningar af Borgartúni 32. Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Sjá Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> → Velja „Teikningar“ → Smella á Borgartún 32 → Velja Aðaluppdrættir / 102917 - Teikningar → Sjá teikningar dagsettar 1992 eftir Sigurð Kjartansson arkitekt.

¹⁷ Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsupprættir: Deiliskipulagsuppráttur, Borgartún 34 og 36, sp. 02.06.2004. Sjá teikningavef Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Söfn: Skipulagsupprættir → Leitarorð: Borgartún 34-36. Sótt 22.06.2017. Sjá einnig Skipulagssjá. Vefslóð: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/> → Smella á Borgartún 34 eða 36 → Borgartún 34 og 36, sp. 02.06.2004. Sótt 22.06.2017.

¹⁸ Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsupprættir: Deiliskipulagsuppráttur, Borgartún 34 og 36, sp. 21.01.2003. Sjá teikningavef Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Söfn: Skipulagsupprættir → Leitarorð: Borgartún 34-36. Sótt 22.06.2017.

Húsin tilheyrðu þá öll Guðmundi Jónassyni hf. og fyrirtækið átti frumkvæði að gerð deiliskipulagsins þar sem lagt var til að lóðirnar tvær yrðu sameinaðar í eina tvískipta lóð. Einnig var gert var ráð fyrir að eldri hluti Borgartúns 34 (mhl. 1) og bílskýlið (mhl. 3) ásamt Borgartúni 36, yrðu rífin. Í staðinn var gert ráð fyrir nýbyggingum á lóð Borgartúns 34 og nýju fjölbýlishúsi að Borgartúni 36 í samræmi við samþykkt skipulagsnefndar árið 1994 og deiliskipulag fyrir lóðina Borgartún 36 frá árinu 1999. Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 fellur lóðin undir reitinn „Borgartún. Miðsvæði (M6a)“ sem skilgreint er sem þróunarsvæði (Þ42): „Gert [er] ráð fyrir skrifstofum og fjölpætttri verslun og þjónustu. Áætluð aukning atvinnuhúsnæðis um 50 þúsund fermetrar á skipulagstímabilinu.“¹⁹

1.5 Nafngiftir gatnanna

Fram á fyrstu áratugi 20. aldar tíðkaðist að ný götunöfn í Reykjavík væru dregin af staðháttum eða nöfnum býla. Þegar Reykjavík tók að þenjast út mynduðust margar nýjar götur samtímis og þá varð úr að í heilum hverfum skyldu vera götunöfn sem minntu hvert á annað. Ákveðið var að hafa sömu endingu á öllum nöfnum í hverju hverfi en með forskeytum sem væru innbyrðis skyld.²⁰ Árið 1940 voru nöfnin fyrir göturnar í Túnunum samþykkt í byggingarnefnd bæjarins, með endingunni –tún, samkvæmt tillögum sérstakrar nafnanefndar.²¹

Borgartún dregur líklega nafn sitt af Höfðaborg, bráðabirgðahverfi sem reist var suðaustan við húsið Höfða árið 1942 og stóð þar allt fram til 1971-1972.²²

Gatan **Lækjarteigur** var á þeim slóðum þar sem nú mætast Kringlumýrarbraut og Borgartún. Hún hefur líklega dregið nafn sitt af Fúlutjarnarlæk sem áður fyrr rann til sjávar á þessu svæði.²³

2. Skráning menningarminja – Fornleifaskrá og húsakönnun

2.1 Almennt um verndun menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja

Ákvæði um skráningu menningarminja er að finna í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tóku gildi 1. janúar 2013. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi. Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt

¹⁹ Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. B-hluti - Skipulag borgarhluta. Laugardalur, borgarhluti 4, bls. 258.

²⁰ Árni Óla: „Nafngiftir gatna í Reykjavík“, bls. 279-280.

²¹ *Morgunblaðið*, 6. desember 1940, bls. 6.

²² Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 95 – Jón Ingvar Kjarran: „Höfðaborgin - Úrlausn á húsnæðisvanda fimm ára áratugarins?“ *Sagnir. Tímarit um söguleg efni*. 19. árg. 1998, bls.48-55

²³ Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 128-129 – Árni Óla: „Nafngiftir gatna í Reykjavík“, bls. 160

16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.²⁴

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

²⁴ Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a.** búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b.** vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c.** tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d.** vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e.** virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f.** þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i.** skipsflök eða hlutar þeirra.

Byggingararfur er skilgreindur í 4. gr. og teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingaarfs þjóðarinnar:

- a.** stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsapýrpingar og götumyndir,
- b.** kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
- c.** brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

Nánari ákvæði um verndun og varðveislu húsa og mannvirkja er að finna í 29. gr. laganna og samkvæmt henni eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð:

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki ná 100 ára aldri er kveðið á í 30. gr.:

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningaminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almenn er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

2.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja

Borgarsögusafn Reykjavíkur heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár.

2.2.1 Fornleifaskrá Reykjavíkur

Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2013) eru um 2100 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa. Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Minjarnar fá þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer úr Jarðabók Johnsens frá 1847 og í þriðja lagi hlaupandi tölu innan jarðarnúmersins. Á því rannsóknarsvæði sem hér um ræðir eru skráðar minjar í landi jarðarinnar Rauðará 181289.

Við skráningu menningarminja er sögu jarðanna gerð skil og varpað ljósi á þætti sem gefa upplýsingar um sögu byggðar og búskapar í nágrenninu. Þá er tegundum og hlutverki minja lýst. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa.

Við skráningu minja við Fúlutjörn var rýnt í örnefnaskrár, kort og aðrar ritaðar heimildir, auk þess sem vettvangsskoðun fór fram. Eldri minjastaðir kunna að hafa raskast eða jafnvel eyðst vegna framkvæmda. Enn geta þó leynst í jörðu fornleifar og ætti því að sýna aðgát við jarðrask nálægt minjastöðum.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á gildandi skipulagsuppdraetti, sem sóttir eru í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar.²⁵ Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

Tafla 1 Minjaflokkar

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri	Rauður
2	Minjar frá 1918-1930	Gulur
3	Minjar frá 1930 og yngri	Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	Blár

2.2.2 Húsaskrá Reykjavíkur

Húsaskrá Reykjavíkur er gagnagrunnur um hús í Reykjavík. Megintilgangurinn með skránni er að safna á einn stað upplýsingum um hús í Reykjavík og varpa ljósi á byggingararf borgarinnar. Í húsaskránni má meðal annars finna upplýsingar um byggingarár húsa, hönnuði, upprunalega gerð, byggingarefni húsa, helstu breytingar sem gerðar hafa verið á viðkomandi húsum og annað sem lýtur að sögu þeirra.

Húsaskráin byggir á margvíslegum frumgögnum svo sem brunavirðingum, gögnum byggingarnefndar Reykjavíkur, teikningum, kortum og ljósmyndum en einnig prentuðum heimildum og vettvangsskönnunum. Skráin er góður grunnur fyrir rannsóknir á byggingarsögu Reykjavíkur, þar sem í henni eru upplýsingar um hús sem byggð hafa verið í Reykjavík í gegnum tíðina, einnig þau sem hafa verið rifin. Húsaskráin er lögð til grundvallar við gerð húsakannana og hefur að geyma upplýsingar um varðveislumat húsa, sem horft er til þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðum hverfum í borginni.

Brunavirðingar eru mikilvægar heimildir um hús í Reykjavík. Eftir að Reykjavík fékk inngöngu í Brunabótafélag danskra kaupstaða árið 1874 voru öll hús bæjarins virt til brunabóta. Þá var húsunum lýst mjög nákvæmlega og verðmæti þeirra metið og skráð. Þessar

²⁵ Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://borgarvefsja.is>.

brunavirðingar veita mikilvægar upplýsingar um byggingarár húsa og breytingar sem gerðar hafa verið á þeim. Byggingarnefnd tók til starfa í Reykjavík árið 1839. Á Borgarskjalasafni Reykjavíkur eru varðveitt öll skjöl byggingarnefndar frá upphafi svo sem umsóknir um nýbyggingar og breytingar, leyfisveitingar nefndarinnar og umsagnir ýmissa aðila. Ennfremur má sjá í veðmálabókum hvernig hús hafa gengið kaupum og sölum í Reykjavík í aldanna rás.

Teikningar og ljósmyndir veita mikilsverðar upplýsingar þegar rannsökuð er byggingarsaga húsa og þróun byggðar. Hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur eru varðveittar allar teikningar af húsum í Reykjavík sem sótt hefur verið um samþykki fyrir. Ljósmyndir koma sér vel við athugun á ýmsum atriðum, t.d. því hvernig gluggar húsa hafa tekið breytingum í gegnum tíðina, en slíkar breytingar eru yfirleitt ekki skráðar í skjallæg gögn. Ljósmyndir af húsum í Reykjavík eru varðveittar á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Þjóðminjasafni Íslands. Kort og uppdrættir eru einnig mikilvægar heimildir um þróun byggðar og meðal þeirra sem gagnast við rannsóknir á sögu Reykjavíkur eru ýmis frumkort af Reykjavík frá 18., 19. og 20. öld, sem og kort mælingadeildar Reykjavíkurborgar og skipulagsuppdrættir. Prentaðar heimildir eru til fjölmargar um sögu Reykjavíkur. Þær koma allar að góðum notum við gerð húsaskrárinnar hvort sem um frásagnir samtíðarmanna er að ræða eða sögu sem skráð er af eftirkomendum.

Með skoðun og ljósmyndun á vettvangi er unnt að meta ástand viðkomandi húss eða svæðis og þannig næst jafnframt heildaryfirsýn yfir gerð og efnisnotkun. Umhverfislegt mat og þar með varðveislugildi húss byggir síðan á samanburði á núverandi ástandi og skjallægum upplýsingum um upphaflega gerð húss.

2.3 Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar

Þar sem í dag eru lóðirnar Borgartún 29-36 var áður tún hjáleigunnar Fúlatjarnar eða Lækjarbakka (sjá mynd 2). Þessi jarðarskiki var byggður úr jörðinni Rauðará en landamerki á milli Laugarness og Rauðarár lágu um Fúlatjarnarlæk sem rann að mestu vestan við núverandi Krínglumýrarbraut.

Landsvæði þetta var væntanlega byggt upp úr 1850 eða fyrr, en samkvæmt manntali 1850 bjuggu þá 8 manns á Fúlatjörn. Bærinn keypti jörðina Rauðará árið 1886 og Fúlatjörn með. Árið 1887 keypti Halldór Kr. Friðriksson yfirkennari við Lærða skólann Fúlatjörn, en hann hafði leigt hana frá árinu áður. Hann hafði landið til ræktunar og búskapar.²⁶ Árið 1898 seldi Halldór skikann Jóni austanpósti Guðmundssyni og færði sig austur fyrir Fúlalæk að Kirkjubóli.²⁷ Á Fúlatjörn/Lækjarbakka var þá torfbær en Jón þessi byggði hesthús og hlöðu á skikanum árið 1900.²⁸ Vilhjálmur Bjarnason byggði svo íbúðarhús vestan við hesthúsið og hlöðuna árið 1906.²⁹

²⁶ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund. Býlið, byggðin og borgin*, bls. 120.

²⁷ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund. Býlið, byggðin og borgin*, bls. 124.

²⁸ Borgarskjalasafn: Aðf. 735. Brunabótavirðingar 1900-1905. Fúlatjörn, brunavirðing dags. 08.11.1900 (bmr. 588).

²⁹ Borgarskjalasafn: Aðf. 736. Brunabótavirðingar 1905-1911. Fúlatjörn, brunavirðing dags. 13.08.1906 (bmr. 588).

